

Hörgárbyggð
Guðmundur Sigvaldason,
sveitarstjóri
Þelamerkurskóla
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2008
Tilvísun: UST20071200085/sa

Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026

Vísað er til erindis sveitarstjóra Hörgárbyggðar, dags. 4.11. sl., þar sem bent er á að misræmi sé milli texta og uppdráttá á náttúruminjaskrá, fyrir þrjú svæði í Hörgárbyggð. Óskað er eftir að athugun fari fram á framangreindum afmörkunum. Umhverfisstofnun bendir á að lýsing í texta gildir fram yfir uppdrætti ef misræmis gætir og á það við öll svæði á náttúruminjaskrá. Hér verður farið yfir upplýsingar frá einstökum svæðum:


506 Hörgárósar: Lýsing í texta er að mestu í samræmi við uppdrátt, nema hvað varðar fjörur og grunnsævi til norðurs. Textinn gildir hér sem lýsing á afmörkun svæðisins.


507 Krossanesborgir: Textinn gildir fram yfir uppdrátt. Stærra svæði er sýnt á uppdrætti, sem sýnir svæðið ná norður fyrir Teigalæk, sem afmarkar svæðið til norðurs samkvæmt texta.

505 Hraunsvatn og Vatnsdalur: Svæðinu er rétt lýst í texta og uppdráttur er í samræmi við textann. Önnur náttúrminjasvæði, Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og fólkvangur Hrauns í Öxnadal, skarast við svæðið en slíkt er ekki óalgengt enda eru önnur svæði í náttúruminjaskrá tillögur, en friðlýst svæði bundin í lögum og viðkomandi auglýsingum. Eins og áður gildir textalýsing ef um vafa er að ræða.

Umhverfisstofnun hefur ekki hafið endurskoðun á náttúruminjaskrá en þegar farið verður út í þá vinnu verður farið yfir uppdrætti á vef þannig að uppdrættir séu í fullu samræmi við réttar lýsingar í texta.

Virðingarfyllst


Soffía Arnþórsdóttir


Ólafur A. Jónsson